

## REGLUGERÐ

### um starfsemi Viðlagatryggingar Íslands.

#### 1. gr.

Eigendum verðmæta þeirra, sem greinir í 2. og 3. gr., er skylt að váttryggja þau hjá Viðlagatryggingu Íslands og er henni skylt að váttryggja þau.

#### 2. gr.

Þessi verðmæti er skylt að váttryggja hjá Viðlagatryggingu:

1. Hús öll og húseignir svo og lausafé, svo sem áhöld, tæki, vörubirgðir og vélar, enda séu verðmæti þessi í almennri brunatryggingu hjá váttryggingarfélagi eða stofnun, sem starfsleyfi hefur til váttrygginga hér á landi. Lausafé er tryggt í þeirri byggingu eða geymslustað, sem tilgreindur er í tryggingarskírteini.

Nú brunatryggir váttryggingarfélag verðmæti, sem almennt er ekki venja að brunatryggja. Skal slík trygging ekki falla undir viðlagatryggingu og er óheimilt að reikna viðlagaiðgjald af henni.

Tryggingarskyldan tekur einnig til þess lausafjár, sem váttryggt er svonefndri samsettri váttryggingu, ef brunatrygging er þar innifalin, enda sé hér um eignatryggingar að ræða að mati tryggingaeftirlitsins.

Ef um er að ræða „all risk“ tryggingar eða sértryggingar falla þær ekki undir viðlagatrygginguna nema að fengnu sérstöku samþykki stjórnar hennar.

Þegar um samsettar tryggingar er að ræða, skal ábyrgð Viðlagatryggingar aldrei vera víðtækari en um almenna (staðbundna) brunatryggingu væri að ræða.

2. Allt ræktað land, tún og akrar, enda sé það sérmetið af Fasteignamati ríkisins.
3. Lóðir og erfðafestulönd, sem sérmetin eru af Fasteignamati ríkisins.

#### 3. gr.

Skylt er að tryggja neðangreind mannvirki hjá Viðlagatryggingu enda séu þau ekki tryggð samkvæmt 2. gr. Borholur eða vatnsbrunnar tryggjast þó ekki:

1. **Hítaveitur** sem annast dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu svæði, þar með taldar jarðhitastöðvar og hitunarstöðvar með öðrum orkugjafa.

**Skolpveitur** í eigu sveitarfélaga.

**Vatnsveitur** í eigu sveitarfélaga eða vatnsveitufélaga.

2. Varanlegar brýr og hafnarmannvirki. Vegur að og frá brú telst ekki hluti hennar og ekki heldur varnargarðar. Varanleg hafnarmannvirki skulu klædd þili úr stáli eða tré, gerð úr steinsteypu eða hlaðin úr tilhöggnu grjóti. Grjótgarðar eða grjóthlífar til varnar slíkum mannvirkjum tryggjast ekki.
3. Raforkuvirki, þ. e. mannvirki og búnaður til vinnslu, flutnings eða dreifingar raforku þar með talin miðlunarmannvirki.
4. Sími og önnur fjarskiptamannvirki Landssíma Íslands, fjarskipta- og öryggiskerfi flugþjónustu, fjarskiptakerfi sjónvarpsfyrirtækja og útvarpsfyrirtækja.

Ákvæði 1. mgr. á við öll fyrirtæki og stofnanir, sem eru eign ríkisins eða stofnana þess, sveitarfélaga, sýslufélaga eða félaga, sem sérstaklega eru stofnuð til að eiga og reka slík fyrirtæki.

Þótt fyrirtæki, sem eiga mannvirki þau, er greinir í 1. mgr. fullnægi ekki skilgreiningu

2. mgr. um eignaraðild er skylt að váttryggja þau hjá Viðlagatryggingunni.

Mannvirki þau, sem að framan greinir, skulu ekki tekin í tryggingu fyrr en framkvæmdum við þau er að fullu lokið.

Stjórn Viðlagatryggingar skal fylgjast með því, eftir því sem kostur er, að ávallt séu í tryggingu öll þau mannvirki, sem falla undir 3. grein.

## 4. gr.

Stjórn Viðlagatryggingar er heimilt að vátbyggja önnur verðmæti en þau, er greinir í 2. og 3. gr., enda samþykki ráðherra það. Stjórnin ákveður tryggingarfjárhæð, iðgjöld og öll önnur skilyrði um váttryggingu þessa.

## 5. gr.

Váttryggingarfjárhæðir skulu ákveðnar þannig:

1. Verðmæti þau, sem um ræðir í 1. tl. 2. gr. skulu váttryggð fyrir sömu fjárhæð og brunatrygging þeirra nemur á hverjum tíma.
2. Eignir þær, er greinir í 2. og 3. tl. 2. gr. skulu váttryggðar fyrir fasteignamatsverð á hverjum tíma.
3. Verðmæti þau, sem um ræðir í 1. mgr. 3. gr. skulu váttryggð fyrri áætlað endurbyggingarverð á hverjum tíma. Eigendur þessara mannvirkja skulu fyrir 1. mars ár hvert senda Viðlagatryggingunni skrá um verðmæti þau, sem tryggja ber, ásamt áætlun um endurbyggingarverð miðað við verðlag 1. janúar næstan á undan. Nú hefur stjórn Viðlagatryggingarinnar ástæðu til að ætla, að áætlun um endurbyggingarverðmæti sé óraunhæf, getur stjórnin þá tilnefnt tvo sérfróða menn til þess að meta viðkomandi verðmæti. Vanræki einhver að senda skýrslur um eignir þessar og endurbyggingarverð þeirra, ákveður stjórn Viðlagatryggingar einhliða váttryggingarfjárhæðir og eru eigendur við þá ákvörðun bundnir það ár.
4. Sé notuð heimild 2. mgr. 3. gr. ákveður stjórn Viðlagatryggingar váttryggingarfjárhæðir.

## 6. gr.

Eigin áhætta váttryggðs skal vera 5% af fjárhæð hvers tjóns þó aldrei lægri fjárhæðir en að neðan greinir.

1. Verðmæti, sem um ræðir í 2. gr., minnst 5 000,00 kr.
2. Verðmæti þau, er um ræðir í 3. gr. minnst 50 000,00 kr.

Fjárhæðir þessar eru miðaðar við byggingarvísitölu þá er gildir 1. janúar 1983 og hækka eða lækka í samræmi við breytingar á þessari vísitölu.

Stjórn Viðlagatryggingar ákveður eigin áhættu eigenda þeirra verðmæta, sem um ræðir í 4. gr., innan þeirra marka, sem um getur í 1. mgr.

## 7. gr.

Árleg iðgjöld skulu vera sem hér segir:

1. Iðgjöld af verðmætum þeim, sem greinir í 2. gr. skulu vera 0,25 % af váttryggingarfjárhæðum.
2. Iðgjöld af verðmætum þeim, sem um ræðir í 3. gr. skulu vera 0,20 % af váttryggingarfjárhæðum.
3. Stjórn Viðlagatryggingar ákveður iðgjöld vegna váttryggingar verðmæta þeirra, sem greinir í 4. gr.

Af tryggingum, sem gilda eiga í skemmri tíma en 4 mánuði skal greiða 34% af ársiðgjaldi, annars hlutfallslega. Hver byrjaður mánuður telst sem heill.

## 8. gr.

Váttryggingarfélög þau eða stofnanir, er brunatryggja eignir þær sem um ræðir í 1. tl. 2. gr. skulu innheimta iðgjöld til Viðlagatryggingar með brunatryggingaiðgjöldum sínum, enda skulu þau hafa sama gjalddaga. Brunatryggjendur skulu mánaðarlega gefa stjórn Viðlagatryggingar skýrslu um innheimt iðgjöld í næsta mánuði á undan og greiða innheimt iðgjöld til Viðlagatryggingar eigi síðar en 15. hvers mánaðar. Stjórn Viðlagatryggingar skal gera samning við brunatryggjendur um þóknun fyrir þjónustu þá er þeir veita Viðlagatryggingu.

## 9. gr.

Skattstjórar skulu leggja á iðgjöld vegna váttryggingar eigna þeirra, sem um ræðir í 2. og 3. tl. 2. gr. hver í sínu umdæmi, um leið og lagður er á tekjuskattur og eignarskattur.

Eigandi bújarðar skal greiða iðgjald af ræktuðu landi jarðarinnar. Eigandi eignarlóðar skal greiða iðgjald af henni.

Afnotaréttarhafi skal greiða iðgjald af erfðafestulöndum og leigulóðum.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu innheimta hver í sínu umdæmi iðgjöld þessi með öðrum sköttum og á sömu gjalddögum.

Skulu þeir standa skil á iðgjöldum, sem innheimt eru, á sama tíma og þeir standa skil á innheimtum sköttum til ríkissjóðs.

## 10. gr.

Viðlagatryggingin innheimtir sjálf iðgjöld vegna váttryggingar verðmæta þeirra, sem um ræðir í 3. gr. Gjald dagar iðgjalda skulu vera tveir 1. apríl og 1. október ár hvert og skal greiða helming ársiðgjalds í hvort sinn.

## 11. gr.

Öll iðgjöld til Viðlagatryggingar njóta lögtaksréttar samkv. ákvæðum laga nr. 29/1885.

Iðgjöld vegna váttryggingar húsa og húseigna njóta lögveðréttar í húsinu eða húseigninni svo og lóð þeirri eða landi sem hún stendur á.

Iðgjöld til Viðlagatryggingar njóta eftir því sem við á sömu sérréttinda og brunatryggingaiðgjöld sbr. 18. gr. laga nr. 9/1955, 6. gr. laga nr. 25/1954, sbr. 2. gr. laga nr. 37/1965 og 5. gr. laga nr. 59/1954, sbr. 1. gr. laga nr. 93/1965.

## 12. gr.

Séu iðgjöld ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða Viðlagatryggingu dráttarvexti af hinu vangreidda. Dráttarvextir eru hinir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Ákvæði þessi um dráttarvexti gilda einnig um skil brunatryggjenda á iðgjöldum sbr. 8. gr.

## 13. gr.

Viðlagatrygging bætir beint tjón á váttryggðum verðmætum af völdum neðangreindra orsaka, enda sé um að ræða tjónsatburði, er teljast vera náttúruhamfarir í almennum skilningi á því hugtaki.

- a. Tjón af völdum eldgosa, s. s. þegar hraun eða öskufall veldur skemmdum eða eyðileggingu á tryggðum verðmætum.
- b. Tjón af völdum jarðskjálfta, er verður í þeim mæli, að hann veldur sprungum, hruni eða annarri eyðileggingu á tryggðum eignum, þar með talið tjón af eldsvoða, sem jarðskjálftinn hefur orsakað.
- c. Tjón af völdum snjóflóða, er falla á tryggðar eignir og valda skemmdum eða eyðileggingu. Það telst ekki vera snjóflóð þótt þak á húsi sligist undan snjóþunga, sem safnast á þakið í snjókomu.
- d. Tjón af völdum þess, er skriða fellur á tryggðar eignir og veldur skemmdum eða eyðileggingu á þeim.
- e. Tjón af völdum flóða, er verða í þeim mæli, að ár eða lækir flæða yfir bakka sína eða flóðbylgjur frá hafi eða vötnum ganga á land og valda skemmdum eða eyðileggingu á tryggðum eignum.

## 14. gr.

Hafi tjón orðið eða sé yfirvofandi hætta á tjóni, ber hinum váttryggða eða umráðamanni tryggðora eigna að gera það sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir tjón eða takmarka það eins og frekast má verða og forða frá skemmdum verðmætum, sem tök eru á að bjarga.

## 15. gr.

Telji vátryggður, að hann hafi orðið fyrir bótaskyldu tjóni skal hann svo fljótt sem unnt er tilkynna Viðlagatryggingu um tjónsatburðinn. Sé um að ræða vátryggingu verðmæta þeirra, sem um ræðir í 1. tl. 2. gr., skal þó tilkynna aðalskrifstofu brunatryggjanda þess, er brunatryggir eignirnar. Tilkynningu þessa skal vátryggður senda á sannanlegan hátt innan 30 daga frá því að tjónsatburður gerðist. Geri hann það ekki er niður fallinn réttur hans til heimtu vátryggingarbóta.

Hafi tilkynning um tjónsatburð borist brunatryggjanda, sbr. 1. mgr., skal brunatryggjandinn tilkynna um atburðinn til Viðlagatryggingar innan viku frá því að tilkynning barst.

## 16. gr.

Þegar er Viðlagatryggingunni hefur borist tilkynning eða vitneskja um tjón, sem gæti verið bótaskyld, skal þegar í stað gera ráðstafanir til að fá úr því skorið hvort um bótaskyld tjón sé að ræða.

Rísi ágreiningur um hvort bótaskyldur atburður hafi gerst eða hvort tjón sé bótaskyld skal stjórn Viðlagatryggingar úrskurða í málinu.

Vilji tjónþoli ekki sætta sig við úrskurð stjórnar, skal hann innan 30 daga frá því að honum barst tilkynning um úrskurðinn skjóta árgreiningi til hamfaraneftndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð í málinu.

## 17. gr.

Hafi bótaskyldur atburður gerst skal Viðlagatrygging svo fljótt sem verða má gera eða láta gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til björgunar tryggðum verðmætum. Þessar aðgerðir skulu framkvæmdar í samráði við Almannavarnir og aðra þá aðila, sem falið verður að hafa með höndum þau mál. Allur kostnaður af björgunarstarfi greiðist af Viðlagatryggingu.

## 18. gr.

Hafi bótaskyldur atburður gerst og ætla má að tjón sé að mestu ljóst, skal stjórn Viðlagatryggingar kveða til hæfa og óvilhalla matsmenn til að skoða tjón, lýsa því og áætla hæfilegar bætur.

Ætíð skal gefa tjónþolum kost á að mæta við matsgerð og koma sjónarmiðum sínum á framfæri við matsmenn. Matsmenn skulu við framkvæmd mats fara eftir því sem fyrir er mælt í lögum um Viðlagatryggingu Íslands, reglugerð þessari og almennri venju um matsgerðir. Matsmenn skulu skila skriflegri matsgerð og ljúka störfum svo fljótt sem kostur er. Þegar stjórn Viðlagatryggingar hefur borist skýrsla matsmanna skal hún þegar tilkynna tjónþola um matið á sannanlegan hátt. Viðlagatrygging ber allan kostnað af slíku mati.

## 19. gr.

Við ákvörðun bóta skal hafa hliðsjón af þessum meginreglum:

1. Tryggingin bætir einungis hið beina tjón, sem orðið hefir á hinum tryggðu verðmætum af orsökum, sem tryggt er gegn samkvæmt 13. gr.
2. Vátryggingarupphæð sú, er viðlagaiðgjald var síðast reiknað af skal lögð til grundvallar við uppgjör tjóns. Tryggingarupphæðin sem slík er ekki sönnun fyrir verðmæti hins tryggða. Hún er þó ávallt hámark þeirrar ábyrgðar, sem við skal miðað við ákvörðun bóta.
3. Verðmæti hinna tryggðu eigna skal ákveða með hliðsjón af því hvert er raunverulegt verðmæti þeirra á verðlagi á tjónsdegi. Skal þá tekið tillit til verðryrnunar vegna aldurs, notkunar, minnkaðs notagildis eða annarra ástæðna.

4. Vörur, sem eigandi hefir ekki framleitt sjálfur, verðleggjast miðað við innkaupsverð samkvæmt því verðlagi, sem var á sams konar vörum á tjónsdegi og miðað við venju-  
legan innkaupsmáta.
5. Vörur eða framleiðsla á vinnslustigi eða fullunnin verðleggst samkvæmt innkaupsverði á  
hráefni að viðbættum áföllnum vinnslukostnaði miðað við verðlag á tjónsdegi.
6. Þegar um tjón að hluta er að ræða ákvarðast bætur eftir því hvað það kostar að gera við  
það skemmda svo það verði eins eða sem næst því eins og fyrir tjónið. Slíkar bætur geta  
þó aldrei orðið hærri en mismunur á verðmæti hlutar eða eignar fyrir tjónið og verðmæti  
hans eftir tjónið.

Tjónþoli er skyldur að halda skemmdri eign eða hlut gegn því að fá skemmdirnar bættar  
samkvæmt framangreindum ákvæðum.

Komi í ljós við uppgjör á tjóni að hið tryggða er meira virði en váttryggingarupp-  
hæðinni nemur bætist tjónið hlutfallslega þannig:

$$\frac{\text{tjónsupphæð} \times \text{váttryggingarupphæð}}{\text{raunverulegt verðmæti}} = \text{bætur}$$

Frá bótaupphæð þeirri, sem þannig er fengin dregst sjálfsáhætta hins váttryggða.

#### 20. gr.

Pótt bótaskylda sé fyrir hendi samkvæmt framangreindum ákvæðum, er stjórn Viðlaga-  
tryggingar heimilt að synja um bætur eða lækka þær:

1. Þegar hús eða mannvirki, sem tjón verður á, er reist á stað, sem almennt er vitað  
fyrirfram um að var hættulegur með tilliti til snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða eða  
gliðnunar vegna jarðsprungna.  
Það telst almennt vitað í þessu sambandi, ef hús eða mannvirki á sama stað hafa oftast en  
einu sinni orðið fyrir samskonar tjóni.
2. Þegar styrkleiki húss eða mannvirkis, byggingarlag og byggingarhættir eru óforsvaran-  
legir miðað aðstæður þær, sem algengar eru á byggingarstað og tjón hefur orðið meira af  
þeim sökum.

Framangreindar reglur gilda um öll verðmæti, sem tryggð eru, svo sem lausafé geymt í  
húsum eða opnum geymslum.

#### 21. gr.

Vilji tjónþoli eigi sætta sig við ákvörðun stjórnar Viðlagatryggingar um bætur getur  
hann innan fjögurra vikna frá því að honum barst ákvörðun stjórnarinnar skotið málinu til  
uppgjörnefndar sem tekur endanlega ákvörðun í málinu.

#### 22. gr.

Þegar um er að ræða tjón á brunatryggðum verðmætum, sbr. 1. tl. 2. gr., er stjórn  
Viðlagatryggingar heimilt að fela brunatryggjanda að sjá um uppgjör tjóns, enda sé um  
minni háttar tjón að ræða.

Alltaf er þó tjónþola heimilt að krefjast úrskurðar stjórnarinnar um bætur og bera síðan  
ákvörðun hennar undir uppgjörnefnd sbr. 21. gr.

#### 23. gr.

Heildarbótaskylda Viðlagatryggingar vegna hvers einstaks tjónsatburðar takmarkast  
við 5 % af heildarváttryggingarfjárhæð í upphafi hvers árs.

Nemi heildarfjárhæð bótaskyldra tjóna vegna eins tjónsatburðar hærri fjárhæð skal  
hlutur allra tjónþola skerðast hlutfallslega.

## 24. gr.

Nú er tjónsatburður hafinn eða er talinn yfirvofandi, er þá óheimilt að taka nýjar tryggingar á þeim stað eða svæði, sem í hættu er, eða breyta eldri tryggingum.

## 25. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 22. gr. laga nr. 88 8. nóvember 1982 um Viðlagatryggingu Íslands og tekur gildi 1. janúar 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 46 9. janúar 1979 um bótaskyld tjón hjá Viðlagatryggingu Íslands.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. desember 1982.*

**Svavar Gestsson.**

*Jón Ingimarsson.*

**REGLUGERÐ**

30. desember 1982.

**um aukatekjur ríkissjóðs.**

## 1. gr.

Leyfisgjald skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:	kr.
1. Áfrýjunarleyfi .....	435,00
2. Návaleyfi .....	435,00
3. Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígsluskilyrðum .....	220,00
4. Lögskilnaðarleyfi .....	435,00
5. Ættleiðingarleyfi .....	220,00
6. Leyfisbréf til heildsölu .....	21 500,00
7. Leyfisbréf til umboðssölu .....	10 800,00
8. Leyfisbréf til smásölu .....	5 300,00
9. Leyfisbréf til lausaverslunar .....	4 400,00
10. Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis .....	220,00
11. Gistihúsaleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað .....	4 400,00
12. Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi .....	2 200,00
13. Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi .....	1 550,00
14. Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 11.—13. tl. ....	220,00
15. Leyfi til tækifærisveitinga .....	235,00
16. a) Leyfi fyrir vínveitingastað til eins árs eða skemur .....	5 600,00
b) Leyfi fyrir vínveitingastað til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára .	9 600,00
c) Leyfi fyrir vínveitingastað til lengri tíma en tveggja ára .....	18 700,00
17. a) Leyfi til vínveitinga (tækifærisveitinga) .....	320,00
b) Skemmtanaleyfi, þar sem vínveitingar eru leyfðar .....	560,00
18. Iðju- og iðnaðarleyfi .....	2 200,00
19. Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti .....	3 200,00
20. Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi .....	620,00
21. Leyfi til að stunda almennar lækningar .....	620,00
22. Leyfi til að stunda sérlækningar .....	3 200,00
23. Leyfi til að stunda tannlækningar .....	620,00
24. Sérfræðileyfi til tannlækninga .....	3 200,00
25. Leyfi til fasteignasölu .....	1 060,00
26. Undanþáguleyfi til skipstjórnar- eða vélstjórnarstarfa .....	120,00
27. Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni) .....	55,00
28. Leyfisskirteini til kaupa og notkunar á eiturefnum .....	220,00